

Frumvarp til laga

um

laun háskólakennara.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

1. gr.

Háskólakennararnir eru aðalkennarar (prófessorar) og aðstoðarkennarar. Aðstoðarkennarar eru tvennskona. Í öðrum flokknum eru þeir menn, sem gegna ekki öðrum embættum en kenslustörfum við háskólann, og nefnast þeir dósentar, en í hinum flokknum þeir, sem gegna jafnframt öðrum störfum, gegn launum eða styrk af almannaþje.

Konungur skipar prófessora, en ráðherra dósentar.

2. gr.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aðstoðarkennarar. Aðstoðarkennarar eru: Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aðstoðarkennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenska málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenska sagnfræði að öðru leyti.

3. gr.

Prófessorarnir hafa 3200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, og verða þannig 4800 kr. eftir 24 ára embættisþjónustu.

Dósentarnir hafa 2400 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hinsvegar nýnefndrar launahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1911 og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvember

1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23 frá 9. desember 1889; lög nr. 3 frá 4. mars 1904, um stofnun lagaskóla, og lög nr. 37 frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi. Loks eru ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samtímis sem stjórnarráðinu barst frá forstöðumönnum þeirra þriggja æðri skóla, sem hjer eru, frumvarp til laga um stofnun háskóla, barst því einnig frumvarp það, sem hjer fer á undan. Jafnvel þótt stjórnarráðið sje eigi í öllum atriðum samdóma því, er t. a. m. eigi fyllilega sannfært um, að eigi megi nægja að hafa við lagaskólann 2 prófessora og einn dócent, þá hefur það þó, einkum þar sem mjög var áliðið tímans, er frumvarpið barst því, talið rjett, að leggja frumvarpið fyrir þingið, óbreytt, og leyfir sjer jafnframt að visa til eftirfarandi athugasemda, um hinar einar einstöku greinar, sem samdar eru af nefndum þremur forstöðumönnum.

Um 1. gr.

er í rauninni einkis að geta. Útlendu heitunum á háskólakennurum er haldið, enda eru þau notuð í öllum málum, sem vjer þekkjum nokkuð til.

Um 2. gr.

Við *prestaskólann* eru nú 3 aðalkennarar, en einn þeirra hefir jafnframt á hendi kenslu í heimspeki. Hinar bóklegu greinar við prestaskólann eru 6 talsins. Þær eru ekki sjerkennilegar fyrir Ísland, að undanteknum kirkjurjetti, og kirkjusögu að nokkru leyti. Kenslu í kirkjurjetti mætti fela einhverjum af lagakennurunum, verði lagakennurum fjölgað. Og heimspekiskensla ætti að hverfa undir sjerstaka kennara. Heimspeki er ekki skyldari guðfræði en öðrum visindagreinum, en hefir á hinn bóginn svo mikið mentunargildi, að hún verður ekki höfð í hjáverkum. Við guðfræðisdeildina ættu 2 prófessorar og 1 dócent því að nægja.

Í *lagadeildinni* verður ekki með nokkru móti komist af með færri kennara en 3. Um nauðsyn þessa visast til brjefa meðundirritaðs forstöðumanns lagaskólans til stjórnarráðsins frá 31. janúar 1907 og 19. sept. þ. á.

Auk ástæðna þeirra, sem teknar eru fram í brjefum þessum, má bæta því við, að þegar á næsta ári má búast við, að nokkrir nemendur bætist við þá, sem nú eru fyrir. Þá verður að kenna nemendum í tveimur deildum, hvorum árgangi nemendanna útaf fyrir sig. Kennararnir hafa nú hvor um sig 2 kenslustundir á dag, og geta ekki bætt við sig fleiri stundum, sist fyrstu árin, meðan rannsókn á löggjöf vorri stendur yfir og vinna þarf að kenslubókum. En af því yrði sú afleiðing, að hvor kennaranna gæti ekki ætlað hvorum nemendaárgangi um sig nema 1 kenslustund á dag. Og við það seinkaði náminu svo, að vonlaust yrði um, að því yrði lokið á tilætludum tíma, eða 4 árum. Það er öllu til skila haldið, að þ. á. nemendur geti lokið sjer af 1912

með sama stundafjölda og nú er, verði kennurum ekki fjölgað. Handleiðslu utan skóla eða deildar þarf ekki að gjöra ráð fyrir, fyr en í fyrsta lagi 1912. Fyr verða ekki til menn, er til þess væru færir. Og sjerstök kensla handa fullnemum frá Kaupmannahafnarháskóla getur ekki komið til mála nema því að eins að fjölgað verði kennurum.

Að vísu væri dósent betri en enginn kennari, en með því að búast má við, að ekki hjeldist lengi á góðum kennara, ætti hann að búa við ekki betri kosti, en slikum kennurum eru ætlaðir, er farið fram á, að hinn nýi kennari verði prófessor eins og hinir, sem fyrir væri. Tið kennaraskifti eru óheppileg við alla skóla, en þó einkum þar, sem um er að ræða greinar, sem þurfa sjerstakan undirbúning, og svo er um allar greinar íslenskrar lögfræði, að hegn-ingerrjetti einum undanteknum.

Í *læknadeildinni* verður ekki komist af með færri prófessora en tvo. Það er ætlast til að landlæknir hafi ekki á hendi kenslu við skólann. Landlæknisembættið er orðið svo umfangsmikið, að það liggur beint við, að leysa landlækni undan allri kenslu, enda er embætti hans að miklu leyti umboðslegs eðlis. Þegar læknaskólinn var stofnaður 1876, voru læknishjeruðin ekki nema 20. Þá voru allar samgöngur, bæði innanlands og milli landa margfalt minni en nú, og sjúkdómshættan að sama skapi minni, enda heilbrigðislöggjöfin þá óbrotin og fáskrúðug. Nú eru læknishjeruðin 43, og auk hjeraðslæknanna komnir til margir aðrir læknar. Sjúkrahúsin eru nú mörg, víðsvegar um landið, meðal annars 2 ný stór sjúkrahús í Reykjavík, en þá var ekkert sjúkrahús til utan Reykjavíkur, og þar aðeins eitt. Af þessu leiðir, að alt eftirlit með heilbrigðismálum er orðið miklu meira en áður, og ferðalög landlæknis og skrifstofuhald tímafrekari og tilkostnaðarmeiri.

Að öðru leyti er ætlast til, að aukakensla í læknadeildinni fari yfirleitt fram á sama hátt og með sömu kjörum og hingað til við læknaskólann. Þó kynni að vera ástæða til að hækka þóknun hjeraðslæknis fyrir kenslu hans.

Ennfremur er æskilegt, að útveguð væri kensla í eyrna-, nef- og háls-sjúkdómum. Slikir sjúkdómar eru naumast annara meðfæri en sjerfræðinga, og sjerstaklega er þörf á slikum lækni í Reykjavík, vegna þess hve fólk æ fjölgar þar, og hve titt er orðið að vitja lækna þangað utan af landinu. Þvi er lagt til, að ráða megi sjerfræðing til kenslu í þeim greinum, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Heimspækisdeildin verður ný deild. Í henni er ætlast til að verði kend heimspeki og íslensk fræði, og gjört ráð fyrir tveimur prófessorum og einum dósent.

Heimspékina verður að ætla sjerfræðingi, af þeim ástæðum, sem áður eru greindar. Aftur á móti er álitamál, hvort heimspékiskennarinn ætti að vera prófessor eða dósent. Ákjósanlegast út af fyrir sig, er að hann væri prófessor. En þar sem íslensk fræði standa Íslendingum nær en heimspeki og jafnvel öll önnur fræði, færi ef til vill eins vel á því, að prófessorarnir í þessari deild, hefðu á hendi kenslu í þeim fræðum, og mætti þá í bráðina notast við dósent í heimspeki.

Verði háskóli stofnaður hjer á landi, verður að taka upp kenslu í íslenskum fræðum. Annað væri ekki vansalaust. Þau fræði eru svo samgróin viðhaldi og viðgangi þjóðernis vors og tungu, að kensla í þeim verður ekki metin til peningaverðs, enda verða þau væntanlega hvergi betur kend. Og það

er ekki ólíklegt að útlendingar sæktu hingað fræðslu í þeim efnum, þeim mun fremur, sem vjer eigum þar góðum mönnum á að skipa, og þó sjerstaklega einum, þar sem er prófessor B. M. Ólsen. Kensla í þeim fræðum mundi því að öllum líkindum verða oss til gagns og sóma. Í deildinni ætti að kenna íslenska málfræði og menningarsögu og sögu landsins að öðru leyti, eftir því sem til ynnist. Hefði annar prófessorinn á hendi kenslu í heimspeki, eins og hjer er gjört ráð fyrir, ætti dósentinn að kenna sögu landsins, og mætti það fara sæmilega með því að menningarsagan, sem öðrum prófessorum er ætlað að kenna, mundi taka til meiri hluta þess í sögu landsins yfirleitt, er sjer-kennilegt væri fyrir íslenskt þjóðerni.

Um 3. gr.

Eftir nógildandi lögum frá 8. nóvember 1883, 9. des. 1889 og 16. nóv. 1907 hafa forstöðumenn embættaskólanna 4000 kr. laun, en dósentarnir 2800 kr., að undanteknum læknakennaranum og öðrum kennaranum við presta-skólann, sem hvor hefur 2400 kr. laun. Og þau laun hækka ekki upp úr því.

Hjer er farið fram á, að jafna laun allra kennaranna og að hækka þau með hækkaði embættisaldri.

Laun embættismanna yfirleitt eru orðin of lá, sjerstaklega kaupstaðar-embættismanna, og þá einkum dósentanna við embættaskólana (og kennar-anna við mentaskólann).

Yfirleitt þarf valda menn í öll kennaraembætti, ekki sist í æðri em-bættin. En slíkir menn fast venjulega því aðeins að þeim sje boðin lífvæn-leg kjör, og í öllu falli er vonlaust um, að geta haldið þeim til langframa, nema því aðeins að kjör þeirra sje að minsta kosti jafngóð og jafnvel óvalinna samnámsmanna. Það er t. d. ekki við því að búast, að hæfur maður haldist lengi við lagaskólann með 2800 kr. launum, Hann verður að leggja alla krafta sína fram til kenslunnaar, en hins vegar eru laun hans lægri, en laun þau, sem megnið af námssveinum hans getur búist við að fá, enda beint upp úr embættisprófi.

Laun dósentanna eru ekki aðeins ekki lífvænleg. Það er orðið ómögu-legt að komast af með þau.

Peningar hafa fallið svo mjög og svo fljótt í verði, að Indriði fulltrúi Einarsson telur verðfall þeirra á árunum 19^{01/07} nema yfirleitt á landinu 25% sjá ritgjörð hans: »Peningaverðið á Íslandi« í Skirni 1908, bls. 136.

Í Reykjavík hefur verðfallið að öllum líkindum orðið enn meira og greiðstígara. Vjer höfum leitað álits athuguls og áreiðanlegs manns, Sighvats Bjarnasonar bankastjóra um verð á ýmsum lífsnauðsynjum í Reykjavík árin, 1875, 1889 og 1908 eða núverandi ár og þau árin, sem launalögin 15. okt. 1875 og 9. des. 1889 urðu til á, og hann hefir góðfúslega látið oss í tje eftir-farandi skýrslu:

Lífsnauðsynjar allar hafa hækkað mjög í verði hjer í Reykjavík síðast-liðna þrjá áratugi, einkum þó allra síðasta áratuginn. Skal jeg t. d. taka það fram, að meðalverð á eftirnefndum matvælategundum mun mega telja sem hjer segir:

	1875	1889	1908
Kindakjöt pd. á... ..	16 au.	22 au.	26 au.
Nautakjöt pd. á... ..	25 —	28 —	45 —
Smjör pd. á	55 —	65 —	85 —
Mjólk potturinn á	16 —	18 —	20 —
Fiskur, nýr, pd... ..	2 ¹ / ₂ —	3—3 ¹ / ₂ —	7 —
Mjöl sekkurinn á	15 kr.	18 kr.	19 kr.

Kaffi og sykur hefur hækkað hjer um bil sem tollaukningunni nemur, þó máske tæplega það, með því að samkepnin í þeim vörutegundum hefir verið mjög mikil síðari árin, og miklu meiri en áður var.

Af öðrum lífsnauðsynjum má nefna:

Húsaleiga fyrir meðal fjölskyldu (reiknuð 5 herbergi eigi stór, auk eldhúss og geymsluklefa) um árið:	1875.	1889.	1908.
Vinnukonukaup (árskaup)	40 —	50 —	120 —
Ráðskonukaup —»—	110 —	150 —	240—300 —
Vatnsburður og þess konar húsverk (þar með reiknaðar venjulegar »góðgjörðir«)	60 —	80 —	120 —

Eldsneyti hefir einnig hækkað í verði; kolaverð er að visu eigi hærra nú en áður, öllu heldur hitt; en menn komust áður af með miklu minna af kolum en nú, gátu þá brúkað ódýrara eldsneyti: mó, sem nú má heita ófánlegur nema með afarkjörum.

Þá hefir fatnaður allur hækkað í verði, sjerstaklega þó skófatnaður. Efni í iverufatnað (klæði og dúkur) eru að visu yfirleitt eigi dýrari nú en fyrir 20—30 árum, en saumalaun hafa stórum hækkað.

Tíðarandinn og lifernishættir allir hafa einnig breyst þannig hjer í Reykjavík, á ofangreindu tímabili, að eigi er unt fyrir þann, er teljast vill »maður með mönnum« að komast hjá ýmsum útgjöldum, er lítt þekt voru á fyrri tímum.

Skattar og gjöld hafa aukist að miklum mun. Aukaútsvör eru nú t. d. að minsta kosti helmingi hærri en 1889, og sennilega c. 150% hærri en 1875 fyrir lausamenn.

Það má óhætt fullyrða, að nú sje 50% dýrara að lifa hjer í Reykjavík — fyrir þá, sem eingöngu eiga að lifa á peningum — heldur en 1875. Hækkunina — verðfall á peningum — mun mega telja 10—15% frá árinu 1875—1889, en 35—40% frá 1889—1908.

Reykjavík, 28. okt. 1908.

Sighvatur Bjarnason.

Sighvati bankastjóra telst svo til, að nú sje 50% dýrara að lifa hjer í Reykjavík en 1875, en 35—40% útgjaldsamara en 1889.

1 kr. 1908 er þannig ekki meira virði en 50 aur. 1875, og jafngildir 60—65 aur. 1889.

Eftir launalögum 1875 hafði forstöðumaður prestaskólans 4600 kr. árs-laun. Og eftir lögum um stofnun læknaskóla frá 1876 hafði forstöðumaður þess skóla og landlæknirinn 4800 kr. árslaun. 1883 voru laun landlæknis færð

niður í 4000 kr. og 1889 voru laun forstöðumanns prestaskólans lækkuð um 600 kr. Nú hafa forstöðumenn allra embættaskólanna 4000 kr.

Laun dósentanna voru hækkuð 1889. Tveir hafa nú 2800 kr. og tveir 2400 kr.

Miðað við 1875 ættu forstöðumenn skólanna nú að hafa 6900 kr. árs-laun (landlæknir nokkru meir) og dósentarnir 4200 kr. og 3600 kr.

Miðað við 1889 ættu forstöðumennirnir nú að hafa 5400—5600 kr. árs-laun, og launahærri dósentarnir 3780—3920 kr., en hinir launalægri 3240—3360 kr.

Snúi maður dæminu við og miði við sömu ár, *hafa* forstöðumenn skólanna, miðað við laun forstöðumanns prestaskólans þá, 1875, í raun og veru nú einar 2300 kr. á ári, og miðað við launalögin 1889 að eins 2400—2600 kr.

Dósentarnir *hafa* nú miðað við sömu ár: Launahærri dósentarnir 1400 kr. árslaun, ef miðað er við 1875, en 1680—1820 kr. árslaun ef miðað er við 1889, en launalægri dósentarnir 1200 kr. sje miðað við 1875, en 1440—1560 kr. sje miðað við 1889.

Þannig má segja, að forstöðumenn skólanna hafi nú, miðað við 1889, í rauninni ekki nema 2400—2600 kr. árslaun, og dósentarnir ekki nema 1440—1820 kr. laun.

Og þessum launum halda þeir óbreyttum, þó peningar falli enn meira í verði.

1400—2600 kr. eru þá árslaun þeirra manna, sem varið hafa 12—14 bestu árum æfningar til að búa sig undir lífsstarf sitt. Og á þeim launum eiga þeir að framfleyta sjer og hversu stórri fjölskyldu sem er.

En þetta eru bæði óhæfilega lá og óhæfilega ósanngjörn laun. Þau eru óhæfilega lá, því að mennirnir geta með engu móti framfleytt sómasamlegu lífi á þeim. Og verða því annaðhvort að neita sjer og sínum um marga nauðsyn, eða þá að verja meira eða minna af starfskröftum sínum til að bæta launakjörin. En hvorttveggja er mjög skaðlegt fyrir skólana.

Og launin eru ósanngjarnlega lá, því að hagur allra annara launamanna hefir batnað að sama eða líku skapi og peningar hafa fallið í verði, hvort heldur launamaðurinn fær laun sín hjá einstökum mönnum, einstakra manna fjelögum, eða jafnvel hjá sveitafjelögum, og hver sem staða launamannsins er. Fjelagsstjórinn, verslunarstjórinn, búðarþjónninn, hjúsið og verkamaðurinn, fær hærri laun nú en áður. Vinnukonulaun hafa t. d. hækkað um 200% síðan 1875, og um 140% síðan 1889. Og öll þessi hækkun kemur beint eða óbeint niður á embættismanninum, eins og öðrum.

Landssjóður er þannig orðinn lakasti húsbóndinn.

Úr þessum ójöfnuði vill frumvarpið bæta, að því er kemur til æðri kennaranna.

Það er lagt til, að það verði gjört með tvennu móti; sumpart með því að hækka byrjunarlaun launalægri kennaranna, og sumpart með því að hækka laun allra kennaranna, með hækkanði embættisaldri. Jafnframt er öllum aðalkennurum gjört jafnhátt undir höfði, bæði að því er snertir embættisveg og launahæð, að þeim kennurum undanteknum, sem nú búa við betri kjör, og því ekki verður hreyft við.

Ef miðað væri við 2800 kr. launahæð kennara eftir lögunum frá 1889, ættu lægstu launin eða byrjunarlaunin nú að verða 3780 kr. Hjer er þó að-

eins farið fram á 3200 kr. og jafngildir það 1920—2180 kr. launum 1889. Slik laun og enda hærra laun þóttu oflág þá. Það ár voru laun dósentanna við prestaskólann færð úr 2400 og 2000 upp í 2800 og 2400 kr. Vjer treystumst ekki til að fara hærra, en til 3200 kr., en lægri mega launin hinsvegar með engu móti verða. Erlendis eru byrjunarlaun prófessora töluvert hærra, í Kaupmannahöfn t. d. 3600 kr., og mun þó yfirleitt ekki vera dýrara að lifa í Kaupmannahöfn en í Reykjavík.

En bæði í notum þess, hve byrjunarlaunin eru hlutfallslega lág, og svo af því, að það er sanngjarnt í sjálfu sjer, að laun hækki með hækkingu embættisaldri, leggjum vjer til, að launin hækki eftir tiltekið árabíl upp í 4800 kr. Það má búast við, að ungir visindamenn veljist til háskólans fremur en eldri menn. Þeir stofna fjölskyldu, fjölskyldan vex með liðandi árum og útgjöldin aukast að sama skapi. Og seinast en ekki síst má geta þess, að háskólinn hefur miklu meiri von um að halda góðum kennurum, ef kjör kennaranna batna eftir því sem árin færast yfir þá. Vjer leggjum áherslu á, að launin hækki með hækkingu embættisaldri, og gjörum oss von um, að þeirri tillögu verði vel tekið, nú er það nýmæli er lögleitt um presta með lögu n. nr. 46, frá 16. nóv. 1907, og vjer vonum, að lokaupphæðin 4800 kr. þyki ekki of há, er litið er til hins lága peningaverðs nú, og lokalauna slíkra embættismanna erlendis. Við Kaupmannahafnarháskóla eru þau t. d. 6000 kr.

Nú eru útgjöld landssjóðs til kennara embættaskólanna þessi:

Prestaskólinn.

Laun forstöðumanns... ..	4,000 kr.	
— 1. dósent... ..	2,800 —	
— 2. dósent... ..	2,400 —	
Þóknun fyrir kenslu í kirkjurjetti	100 —	9,300 kr.

Læknaskólinn.

Laun forstöðumanns (og landl.)	4,000 kr.	
Laun dósentins	2,400 —	
Þóknun til hjeraðslæknis... ..	800 —	7,200 —

Lagaskólinn.

Laun forstöðumanns	4,000 —	
— dósentins... ..	2,800 —	6,800 —
eða samtals til allra skólanna		23,300 kr.

Eftir frumvarpi voru mundi byrjunarlaunakostnaðurinn verða eins og hjer segir:

Guðfræðisdeild.

2 prófessorar (4,000 + 3,200) =	7,200 kr.	
1 aukakennari	2,400 —	9,600 kr.

Læknadeild.

2 prófessorar (3,200 kr. hvor) =	6,400 kr.	
Þóknun hjeraðslæknis	800 —	7,200 —
		Flyt: 16.800 kr.

	Flutt: 16,800 kr.
Lagadeild.	
3 prófessorar (4,000 + 2 × 3,200 kr.)	10,400 kr.
Heimspækisdeild.	
2 prófessorar (3,200 kr. hvor) =	6,400 kr.
1 aukakennari	2,400 —
Hjer frá mætti væntanlega draga eftirlaun próf.	8,800 —
B. M. Ólsens 2,255 kr.	2,255 —
	6,545 kr.

Allur launakostnaðurinn eftir frumvarpi voru yrði þá fyrst um sinn 33,745 --
 Nú er hann 23,300 --
 Aukningin næmi þannig 10,445 kr.

Miði maður við meðallaun háskólakennaranna eða laun þau, sem þeir mundu fá eftir 12 ára þjónustu yrði kostnaðurinn nokkru meiri. Þá hefðu allir prófessorarnir 4,000 kr. árslaun. Dósentalaunin og aðstoðarkennarapóknunin hjeldist óbreytt, nema hvað búast mætti við, að fá mætti kennslu í augnsjúkdómum fyrir 1,000 kr., ef núverandi augnlæknir ljeti af starfi sínu. Kostnaðurinn yrði þá í viðbót við nýnefndar 10,445 kr. eins og hjer segir: 10,445 kr.

Við guðfræðisdeildina... ..	800 kr.
— læknadeildina	1,600 —
— lagadeildina	1,600 —
— heimspækisdeildina	1,600 —
	5,600 kr.

Beri maður öll kurl til grafar, mætti segja að laun forstöðumanns læknaskólans (landlæknis) væru oftalin með kostnaði við læknaskólann nú, og að eftirlaun próf. B. M. Ó. mætti ekki telja frá framtíðarkostnaðinum til langframa, og bættust þá hjer við 4,000 + 2,255 kr. eða 6,255 —

Kostnaðurinn umfram núverandi launakostnað yrði því ... 22,300 kr.

Eftir þessu fengi þjóðin, 80,000 manns, viðunanlegan háskóla fyrir 28 aura nefskatt. Og er vonandi, að þeir menn setji það ekki fyrir sig, sem háskólamálið hefir verið og er alvörumál. Kristjaniuháskóli kostaði Norðmenn hlutfallslega miklu meira þegar þeir stofnuðu háskóla hjá sjer 1811; og því fór svo fjarri, að nokkur Norðmaður sæi eftir því, að allir þeirra helstu menn hafa þakkað og þakka háskólanum enn í dag uppgang þjóðarinnar að miklu leyti.

Og þó að háskóli vor kostaði landssjóð þannig nokkuð meira en núverandi embættaskólar, þá skerti það ekki þjóðarhaginn. Aukafjárhæðin yrði eftir sem áður kyr í landinu, hefði aðeins vasaskifti, og enda vafamál að landssjóður biði nokkurn baga af hinu breytta fyrirkomulagi. Að því skapi sem háskólinn yrði betri að því skapi yrðu færri Íslendingar til að sækja æðri mentun út úr landinu. Þá myndu flestir íslenskir námsmenn verða kyrrir heima fyrir og eyða hjer því fje, sem nú rennur til útlendinga.

Forstöðumaður læknaskólans er því meðmæltur að kennaraskipún háskólans sje, svo fljótt sem fjárhagur landsins leifir, komið í það horf, sem hjer er farið fram á, en mælir móti því, að íslenskir háskólakennarar beri útlent embættisheiti.

